

Ad.

158. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Fyrir orðin »enda hafi þeir leyst« í 52. gr. laganna komi: enda leysi þeir.

Orðin »innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa« í niðurlagi sömu greinar laganna falli burt.

Greinargerð.

Þegar hæstirjettur var stofnaður samkv. ofangreindum lögum, voru nokkrir málaflutningsmenn, sem höfðu fengið leyfi stjórnarráðsins til að flytja mál fyrir yfirjetti. Þeir af þeim, sem höfðu II. einkunn við lagapróf, mistu rjettindin til að flytja mál fyrir hæstarjetti, ef þeir ekki höfðu gengið undir prófraun þá, sem ræðir um í fyrgreindum lögum, innan 3 ára. Þetta ákvæði

hefir ávalt verið bæði ranglátt og tilgangslaust. Þeir eru sviftir þeim rjettindum að flytja mál fyrir yfirrjetti, og er því einsætt, að þeir eiga að njóta þeirra rjettinda að flytja mál fyrir hæstarjetti, hvenær sem þeir standast þá prófraun, sem gert er ráð fyrir í fyrnefndum lögum. Það virðist t. d. hart, að þeir missi rjettindin, ef þeir hafa verið við störf í ríkisins þjónustu á þessu 3 ára tímabili við lögfræðistörf, eins og á sjer stað um 2 þessara manna.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum þessara tveggja manna, er rjettindin hafa mist.

Það eru nú aðeins 3 menn í bænum, er þessi rjettindi hafa mist, og óvíst, að þeir noti allir þennan rjett. Það virðist því sjálfsagt að veita mönnum þessum sinn sjálfsagða rjett og samþykkja þessa lagabreyting.

Nánar í framsögu.